

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1230/2021 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.

Lágmarksgjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við kostnað við hirðingu og umsýslu á hverja grunneiningu:

Ílát og tegund úrgangs:

240 l grátunna - blandaður heimilisúrgangur	35.800 kr.
140 l brúntunna - lífrænn heimilisúrgangur	9.600 kr.
240 l græntunna - pappi og pappír	5.960 kr.
240 l blátunna - plast	5.960 kr.

Aðrar stærðir íláta:

660 l almenn	90.000 kr. á ári
660 l pappír	14.000 kr á ári
660 l plast	14.000 kr. á ári

Losunartíðni:

Losun er framkvæmd á 42 daga fresti.

Ef óskað er eftir viðbótarílati fyrir íbúð skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir ílát og tegund úrgangs. Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða 3.900 kr.

3. gr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs.

Innheimta skal gjald fyrir rekstur safnstöðva (gámasvæðis) og fastan kostnað:

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði	29.900 kr.
---------------------------------	------------

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli	29.900 kr.
Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki)	84.200 kr.

Fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) fyrir íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði fá afhent „klippikort“ sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir lögbýli fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir fyrirtæki fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m³.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð og miðast við rúmmetra þess úrgangsmagns sem afsettt er.

4. gr.

Gjaldskrá móttökustöðvar.

Fasteignaeigendur, fyrirtæki, lögbýli og frístundahúsafélög sem og aðrir sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna

atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2.-3. gr gjaldskrár þessarar.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við rúmmetra þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Um gjaldskyldu og flokka úrgangs gildir gjaldskrá fyrir móttökustöð Hrunamannahrepps. Virðisaukaskattur er innifalinn í móttökugjaldinu.

Móttökugjald á einn m³ af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi er 6.900 kr.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var lögð fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn 21. nóvember 2024 og var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps við síðari umræðu 5. desember 2024. Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1449/2023.

Hrunamannahreppi, 18. desember 2024.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 7. janúar 2025